

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 241/1993.

Hf. Eimskipafélag Íslands

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Sundi hf.

(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1993. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í hér-aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Ágreiningur málsaðila er um það, hvort áfrýjandi eigi rétt til að skuldajafna við þá kröfu, sem stefndi sækir hann til að greiða, með reikningskröfum á hendur Skrifstofuvélum – Gísli J. Johnsen hf. fyrir farmgjöldum, geymslugjöldum og akstri, en reikningarnir eru fyrir tímabilið frá apríl til júní 1990. Þú þess félags var tekið til gjaldþrotaskipta 4. júlí 1990, og keypti stefndi af þrotabúinu rekstur þess og viðskiptakröfur, þar á meðal kröfuna á hendur áfrýjanda, sem stefndi leitar dóms fyrir í málinu. Styðst krafan við reikninga fyrir vörum og þjónustu tímabilið frá 14. mars til 3. júlí 1990.

Nánar tiltekið deila málsaðilar um, hvort það skilyrði fyrir skuldajöfnuði við kröfu þrotabús, sem mælt var fyrir um í 2. málslíð 1. mgr. 32. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978, að lánardrottinn þrotamanns þurfi að hafa eignast kröfu sína, áður en þrjú mánuðir voru til frestdags við gjaldþrotaskiptin, girði fyrir, að áfrýjandi fái í málinu notið almennu heimildarinnar til skuldajafnaðar samkvæmt 1. málslíð sama ákvæðis. Áfrýjandi telur þetta skilyrði ekki standa í vegi rétti sínum til skuldajafnaðar. Fyrir því færir hann aðallega þau

rök, að skilyrðið hafi aðeins gilt um þá, sem eignuðust kröfu á hendur þrotamanni fyrir aðilaskipti, en ekki upphaflegan eiganda kröfu. Þá færir áfrýjandi einnig fram þau rök, að skilyrðið hafi ekki átt við, ef þrotabúi framseldi kröfu sína.

Í forsendum hins áfrýjaða dóms segir, að ágreiningur sé ekki á milli aðila um það, að vegna ákvæða 1. mgr. 32. gr. laga nr. 6/1978 hafi krafa áfrýjanda ekki verið hæf til skuldajafnaðar við kröfu stefnda, á meðan hún tilheyrði enn þrotabúi Skrifstofuvéla – Gísla J. Johnsen hf. Standi deila þeirra aðeins um, hvort heimild til skuldajafnaðar hafi orðið virk vegna framsals þrotabúsins á kröfunni til stefnda. Fyrir Hæstarétti eru aðilar sammála um, að þessi afmörkun á ágreiningsefni þeirra í hinum áfrýjaða dómi sé röng. Þeir hafi einnig deilt fyrir héraðsdómi um þá röksemd áfrýjanda fyrir heimild til skuldajafnaðar, sem hann ber aðallega fyrir sig samkvæmt framansögðu.

Í hinum áfrýjaða dómi er ekki tekin afstaða til þeirrar aðalröksemdar áfrýjanda fyrir kröfum sínum, sem hér um ræðir. Til þess verður hins vegar að líta, að röksemdin lýtur aðeins að lögskýringu. Girðir 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994, því ekki fyrir það, að röksemdinni mætti fyrst halda fram í máli fyrir Hæstarétti. Málsaðilar eru einnig einhuga um að óska efnisdóms. Er því ekki alveg næg ástæða til að láta þennan annmarka á hinum áfrýjaða dómi varða ómerkingu hans án kröfu.

II.

Samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 32. gr. laga nr. 6/1978 var það skilyrði fyrir rétti til skuldajafnaðar við kröfu þrotabús, að lánardrottinn þess hefði eignast kröfu sína á hendur þrotamanni, áður en þrjú mánuðir voru til frestdags. Með fortakslausu orðalagi ákvæðisins var í þessum efnum ekki gerður greinarmunur á því, hvort lánardrottinn eignaðist kröfu sína með aðilaskiptum eða vegna einhverra þeirra atvika, sem leiða til þess, að ný kröfuréttindi verði til. Verður því ekki fallist á aðalröksemdina, sem áfrýjandi heldur fram fyrir rétti sínum til skuldajafnaðar.

Eftir orðalagi sínu varðaði 1. mgr. 32. gr. laga nr. 6/1978 aðeins heimildina til skuldajafnaðar við þrotabúi, þar á meðal það sérstaka

skilyrði, sem málsaðilar deila um. Í ákvæðinu var hins vegar ekki beinlínis tekin afstaða til þess, hvort réttur lánardrottins til skuldajafnaðar yrði á annan veg, ef þrotabú framseldi kröfuréttindi sín á hendur honum. Sá kostur um skýringu á þögn ákvæðisins um þetta að lánardrottinn ætti að öðlast rýmri rétt til skuldajafnaðar vegna framsals á kröfu þrotabús, er hins vegar ekki tækur, þegar lítið er til þess, hvernig lánardrottnum gæti þá verið mismunað um aðgang til skuldajafnaðar vegna aðgerða, sem væri að öllu leyti á valdi gagnaðila þeirra að taka ákvörðun um. Af þessari ástæðu er ekki unnt að taka til greina þá röksemd, sem áfrýjandi ber að þessu leyti fyrir sig.

Þar sem málsaðila greinir ekki á um fjárhæðir, verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest um annað en málskostnað. Rétt þykir að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Hf. Eimskipafélag Íslands, greiði stefnda, Sundi hf., 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. mars 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 5. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Sundi hf., kt. 580483-0549, Vagnhólða 13, Reykjavík, með stefnu, birtri 24. 7. 1991, á hendur Eimskipafélagi Íslands hf., kt. 510169-1829, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 307.545 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 1. 9. 1990 til greiðsludags auk málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður [...].

II.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveður skuldina vera samkvæmt reikningsyfirliti vegna viðskiptaskuldar stefnda við þrotabú Skrifstofuvéla – Gísla J. Johnsen hf., en

stefnandi hafi keypt rekstur og viðskiptakröfur þrotabúsins og reki nú starfsemina undir nafninu Skrifstofuvélar – Sund hf. að Nýbýlavegi 16, Kópavogi. Viðskiptaskuld stefnda við stefnanda skv. reikningsyfirlitinu sé að fjárhæð 307.545 kr.

Stefnandi vísar til l. nr. 39/1922, l. nr. 7/1936 og XX. kafla l. nr. 85/1936, sbr. l. nr. 54/1988. Dráttarvaxtakrafa er gerð á grundvelli III. kafla l. nr. 25/1987, sbr. l. nr. 67/1989. Krafa um dráttarvexti á málskostnað er reist á 175. gr. l. nr. 85/1936, sbr. 21. gr. l. nr. 54/1988.

Málsástæður stefnda.

Stefndi kveður atvik vera þau, að áður en Skrifstofuvélar – Gísli J. Johnsen hf. voru teknar til gjaldþrotaskipta 4. 7. 1990, hafi verið viðhöfð reikningsviðskipti milli félaganna, sem gerð hafi verið upp mánaðarlega. Stefndi hafi keypt ýmis skrifstofutæki og þjónustu af Skrifstofuvélum – Gísli J. Johnsen hf. jafnframt því, sem stefndi hafi séð um flutning á vélum og tækjum fyrir fyrirtækið og aðra þjónustu í því sambandi.

Stefnandi hafi krafist stefnda um greiðslu skulda við þrotabú Skrifstofuvéla – Gísli J. Johnsen hf., að fjárhæð 316.954 kr., með bréfi, dags 20. 8. 1990. Þessari kröfu hafi stefndi hafnað, með því að ógreiddir reikningar frá Skrifstofuvélum – Gísli J. Johnsen hf. hafi verið notaðir til lækkunar á skuld fyrirtækisins við stefnda. Hafi umleitan Skrifstofuvéla – Sunds hf. um frekari greiðslur verið hafnað og jafnframt tilkynnt, að eftirstöðvar skuldar Skrifstofuvéla – Gísli J. Johnsen hf. við stefnda, sem þá hafi numið 134.148,83 krónum, hafi verið sendar lögmönnum félagsins til úrvinnslu, og hafi þeirri skuld loks verið lýst í þb. Skrifstofuvéla – Gísli J. Johnsen hf.

Sýknukröfu sína styður stefndi 49. gr. l. nr. 85/1936 um skuldajöfnuð, en stefndi hafi uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar, að fjárhæð 307.545 kr., skv. viðskiptayfirlitum á dskj. nr. 7 og 8., sbr. dskj. nr. 2, eftir því sem til þurfi.

Allar gagnkröfurnar hafi stofnast, áður en stefnandi eignaðist hina umstefndu kröfu sína fyrir framsal, og séu öll skilyrði skuldajafnaðar fyrir hendi, enda um að ræða kröfur milli sömu aðila, samkynja, gildar og hæfar til að mætast. Stefnanda hafi verið tilkynnt um skuldajöfnuðinn með bréfi, dags 3. 9. 1990.

Við munnlegan málflutning kvaðst lögmáður stefnda enn fremur benda á, að ekki væri verið að skuldajafna við þrotabú, og gæti stefnandi því ekki borið fyrir sig l. mgr. 32. gr. l. nr. 6/1978, en stefnandi hefði fyrst vísað til 32. gr. laganna í greinargerð sinni, sem lögð hefði verið fram, eftir að greinargerð stefnda var komin fram.

Af hálfu stefnanda var málsástæðu þessari mótmælt sem of seint fram kominni.

Greinargerð stefnanda.

Stefnandi hafnar kröfu stefnda um skuldajöfnuð. Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 6/1978 þurfi lánardrottinn, sem hyggst skuldajafna við þrotabú, að hafa eignast kröfu sína, áður en þrír mánuðir séu til frestdags. Bú Skrifstofuvéla – Gísla J. Johnsen hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 4. júlí 1990. Allar skuldajafnaðarkröfur stefnda, sem fram séu settar í þessu máli, hafi stofnast eftir 4. apríl 1990. Því sé ekki um skuldajafnaðarrétt að ræða.

Það sé meginregla við gjaldþrotaskipti, að allir kröfuhafar skuli sitja við sama borð. Allar undantekningar frá þeirri reglu beri að skýra þröngt. Skýra verði því ákvæði 1. mgr. 32. gr. 1. nr. 6/1978 eftir orðanna hljóðan þannig, að reglan eigi jafnt við um kröfur, sem stofnast hafi frá fyrstu hendi, og kröfur, sem lánardrottinn hafi eignast fyrir framsal frá þriðja manni.

Því er mótmælt, að viðskipti milli Skrifstofuvéla – Gísla J. Johnsen hf. og stefnda hafi verið með þeim hætti, að gert hafi verið upp mánaðarlega. Fram lögð gögn stefnda beri með sér, að stefndi hafi ávallt greitt skuldir sínar við Skrifstofuvélar – Gísla J. Johnsen hf. með tékkum og það fyrirtæki greitt skuldir sínar eftir atvikum með samþykkt víxla.

Fram lögðum reikningum stefnda er ex tuto mótmælt sem röngum.

Stefnandi kveðst hafa öðlast kröfu sína á hendur stefnda fyrir löglegt framsal þrotabús Skrifstofuvéla – Gísla J. Johnsen hf., frá 5. júlí 1990. Með því að stefndi hafi ekki skuldajafnaðarrétt samkvæmt framansögðu, beri að taka kröfur stefnanda til greina að fullu.

III.

Niðurstaða.

Með aðilum er ekki ágreiningur um málsatvik. Þá er ágreiningslaust, að krafa stefnda var ekki hæf til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda, meðan sú krafa var í eigu þrotabúsins, vegna sérreglna 1. mgr. 32. gr. 1. nr. 6/1978. Ágreiningurinn er í raun um það, hvort skuldajafnaðarheimildin hafi orðið virk að nýju við það, að krafa þrotabúsins var framseld stefnanda.

Ekki er fallist á það með stefnanda að málsástæða, sem bókuð var eftir lögmanni stefnda við munnlegan málflutning, sé of seint fram komin.

Í 1. mgr. 31. gr. 1. nr. 6/1978 felst það annars vegar, að skuldari þrotabús geti skuldajafnað gagnkröfu á þrotabúið við skuld sína, hvernig sem skuld og gagnkröfu er annars farið, þ. e., þótt kröfurnar væru ekki að lögum bærar til að mætast undir venjulegum kringumstæðum. Hins vegar gildir sú sérregla, að lánardrottinn þarf að hafa eignast gagnkröfuna, áður en þrír mánuðir voru til frestdags, ella er krafan ekki hæf til skuldajafnaðar, enda þótt

hún hefði verið það undir venjulegum kringumstæðum. Í fyrra tilviki er ljóst, að það væri andstætt tilgangi laganna, ef þrotabúið gæti framselt kröfuna á hendur skuldara, án þess að skuldajafnaðarheimildin fylgdi með, og þannig komið í veg fyrir, að skuldari fengi kröfu sína á hendur þrotabúinu greidda. Á sama hátt verður krafa samkvæmt síðari lið 1. mgr. 32. gr. 1. nr. 6/1978 einungis framseld til þriðja manns með þeim takmörkunum, sem giltu, meðan hún var í eigu búins. Önnur niðurstaða væri í andstöðu við tilgang lagagreinarinnar og myndi leiða til óeðlilegrar mismununar skuldara/kröfuhafa þrotabúsins. Við framsal á kröfum þessum fær þriðji maður þannig þá kröfu, sem búið átti, og hvorki meira né minna.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna kröfu stefnda um skuldajöfnuð og taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, en ágreiningur er hvorki um fjárhæðir né vexti.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 84.000 kr.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Eimskipafélag Íslands hf., Pósthússtræti 2, Reykjavík, greiði stefnanda, Sundi hf., Vagnhöfða 13, Reykjavík, 307.545 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla 1. nr. 25/1987 frá 1. 9. 1990 til greiðsludags og 84.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti skv. III. kafla 1. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, og leggja dráttarvextir við höfuðstól og málskostnað 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta skv. 12. gr. 1. nr. 25/1987.